

Námskeið fyrir ábyrgðarmenn og tæknimenn vegna geislatækja sem nota jónandi geislun og **eru í iðnaði eða við öryggisgæslu.**

Námskeiðið er sérstaklega ætlað fyrir ábyrgðarmenn og tæknimenn vegna geislatækja sem notuð eru í iðnaði og við öryggisgæslu, s.s. við farangursskoðun og leit, gæðaeftirlit, framleiðslustýringu, efnagreiningu og efnisprófanir, sem hafa ekki komið áður á námskeið hjá Geislavörnum ríkisins.

Þetta námskeið hefur áður verið haldið 27. september og 24. apríl 2018, 6. nóvember 2017 og 29. september 2016. Þeir ábyrgðarmenn/tæknimenn sem sóttu þau námskeið þurfa ekki að mæta á þetta.

Geislavarnir ríkisins (GR) gera kröfu til allra nýrra ábyrgðarmanna geislatækja að þeir sækji námskeið stofnunarinnar og er það ein af þeim ráðstöfunum sem gerðar eru til að tryggja örugga notkun geislatækja. Ábyrgðarmenn gegna því mikilvæga hlutverki að tryggja að starfsemin sé í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og reglur settar samkvæmt þeim.

Þá gera Geislavarna ríkisins (GR) einnig kröfu til þeirra sem annast uppsetningu, viðhald og viðgerðir á geislatækjum, að þeir hafi viðeigandi þekkingu og reynslu og viðurkenningu frá stofnuninni. Til þess að hljóta viðurkenningu GR þurfa tæknimenn meðal annars að sækja námskeið GR.

Efni námskeiðsins:

Kynning á grundvallaratriðum geislavarna, leiðbeiningum Alþjóðageislavarnaráðsins (ICRP) og geislaeðlisfræði. Grundvallarhugtök og stærðir við mælingar á geislun. Íslenskt og alþjóðlegt lagaumhverfi um notkunar geislunar, kröfur til starfsmanna, skipulag gæðaeftirlits og gæðaeftirlitsmælingar.

Ábyrgðarmenn og tæknimenn sem sótt hafa sambærilegt námskeið GR áður og vilja bæta þekkingu sína á þessu sviði geta einnig sótt námskeiðið í heild eða hluta þess. Í síðari hlutanum eftir kl. 13, eru kynntar mikilvægar breytingar sem hafa orðið á lagaumhverfi notkunar geislatækja með tilkomu reglugerðar nr. 1299/2015.

Umsjón: Starfsmenn Geislavarna ríkisins

Dagsetning og tími:

Þriðjudagur 5. mars 2019, klukkan 10:00 til 16:00

Staðsetning: Reykjavík, **nánari staðsetning auglýst síðar.**

Námskeiðsgjald: 20.000 kr. (10.000 kr. hálfan dag)

Skráning og dagskrá á: <https://gr.is/namskeid/> Skráning stendur til: **28. febrúar 2019**
